

Fundargerð 445

Föstudaginn 9. desember 2016 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga að Borgartúni 30 í Reykjavík. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Einar E. Einarsson, Gunnar Þór Sigbjörnsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Árni Ragnarsson sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 1-2), Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:04 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Byggðaáætlun 2017-2023
3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016
4. Starfs- og rekstraráætlun 2017
5. Staðfesting á öryggisstefnum fyrir árið 2016
6. Fundargerðir lánanefndar
7. Staðan á landbúnaðarlánnum og lánnum til stuðnings atvinnureksturs kvenna
8. Fullnustueignir - kynning
9. Aflamark Byggðastofnunar
10. Atvinnutekjur 2008 – 2015 eftir atvinnugreinum og svæðum
11. Samantekt verkefna atvinnuþróunarfélaganna árið 2015
12. Upplýsingar um orkukostnað heimila á ársgrundvelli m.v. 1. sept. 2016
13. Önnur mál
14. Næsti fundur

1. Fundargerðir síðustu funda

Formaður bar upp fundargerðir funda nr. 443 og 444 og voru þær samþykktar samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Byggðaáætlun 2017-2023

AÐ og SBS kynntu drög að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2017-2023 sem unnin hefur verið af starfsfólki Byggðastofnunar og í samráði við hagsmunaaðila, samstarfsaðila og hogaðila. Fyrirhugaður er fundur með starfsfólki ANR og í öðrum ráðuneytum þar sem farið verður yfir tillögur sem varða viðkomandi ráðuneyti.

ÁR fór yfir breytingar á áður sendum drögum og síðan í gegnum sjálfar tillögurnar.

Tillaga kom fram um að tengja aðgerðatillögur í kafla 4 við áherslur í kafla 3. Einnig komu fram ábendingar um að tengja tillögur betur við markmið og áherslur.

Umræður urðu um einstakar tillögur. Þá var lagt til að gerð verði úttekt á og framhaldi mótuð stefna um eignarhald og nýtingu bújarða.

3. Staða verkefna skv. starfsáætlun 2016

AÐ fór yfir framfylgd starfsáætlunar. Rekstrartölur fyrir nóvember verða senda stjórn í næstu viku.

4. Starfs- og rekstraráætlun 2017

AÐ fór yfir starfs- og rekstraráætlun 2017. Fór hann yfir helstu þætti hennar en að því loknu fór SBS yfir helstu verkefni þróunarsviðs sem áætluð eru árið 2017. Ljóst er að byggðaáætlun sem ekki hefur enn verið samþykkt mun hafa veruleg áhrif á verkefni stofnunarinnar á næsta ári.

AÐ lagði til að stjórn samþykkti starfsáætlun en þar sem seinkun á framlagningu frumvarps til fjárlaga veldur því að grunnforsendur áætlunarinnar liggja ekki að öllu leyti fyrir verði endanleg rekstraráætlun lögð fram á næsta fundi stjórnar í janúar.

Formaður lagði fram tillögu forstjóra og var hún samþykkt samhljóða.

Gert var hlé á fundi kl. 12:00 og var fundi síðan framhaldið kl. 12:20 með kynningu KB á starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

5. Staðfesting á öryggisstefnum fyrir árið 2016

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2014 skal eftirlitskyldur aðili setja sér stefnu þar sem ákveðin eru markmið og öryggiskröfur til reksturs upplýsingakerfa. Jafnframt, að fyrirliggjandi séu skriflegar lýsingar á öllum verkferlum mikilvægum fyrir rekstur og öryggi upplýsingakerfa. Bygðastofnun hefur sett sér aðgangsstefnu, fjarvinnustefnu, öryggisstefnu og öryggisafritunarstefnu sem ber að endurskoða og leggja fyrir stjórn árlega til samþykktar. Engar breytingar hafa verið gerðar á stefnunum frá fyrra ári og er lagt til að þær verði samþykktar óbreyttar.

Samþykkt samhljóða.

MH upplýsti um að verið væri að kanna með öryggi á fundargátt.

6. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 31/16, 1. desember 2016

AÐ fór yfir fundargerðina.

...

...

...

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 32/16, 7. desember 2016

...

...

Fundargerðin staðfest.

7. Staðan á landbúnaðarlánunum og lánunum til stuðnings atvinnureksturs kvenna

AME kynnti minnisblað um stöðu landbúnaðarlána og lána til stuðnings atvinnureksturs kvenna.

8. Fullnustueignir – kynning

Frestað til næsta fundar.

9. Aflamark Byggðastofnunar

AÐ fór yfir minnisblað sitt og SÁ um breytingar á verklagsreglum um aflamark Byggðastofnunar. Þær eru settar fram til að koma til móts við athugasemdir innri endurskoðenda á verklagi og vegna breytinga á reglum sem átt hafa sér stað frá því að verklagsreglurnar voru samþykktar í október 2014.

Tillaga að breytingu á 1. gr. Hún verði svo eftir breytingu:

„Aflamark Byggðastofnunar byggir á 10. gr. í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Nánari útfærsla er í reglugerðum 606/2015 og 1064/2015. Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar ákveðið magn aflaheimilda í þorskígildum talið sem ráðherra ákveður hverju sinni í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir hvert fiskveiðiár.”

Tillaga að breytingu á 2. og 3. mgr. 4. gr. Hún verði svo eftir breytingu:

„Starfsmenn Byggðastofnunar funda með umsækjendum, skoða aðstöðu, og óska eftir frekari upplýsingum eftir því sem þurfa þykir hverju sinni. Að því loknu skal leggja tillögur starfsmanna fyrir fund forstjóra og forstöðumanna Byggðastofnunar til umsagnar. Rökstuddum tillögur eru lagðar fyrir stjórn Byggðastofnunar sem tekur ákvörðun um við hvaða umsækjendur stofnunin semur.”

Tillaga að breytingu á 1. mgr. 5. gr. Hún verði svo eftir breytingu:

„Byggðastofnun gerir skriflega samninga við umsækjendur á grundvelli umsókna þar sem m.a. kemur fram markmið samnings, gildistími, fjöldi þorskígilda af aflamarki Byggðastofnunar og mótframlag samningsaðila. Samningar skulu vera undirritaðir af forstjóra f.h. Byggðastofnunar og forsvarsmönnum allra samningsaðila. Heimilt er að gera samninga til alls að sex ára.”

Tillaga að viðbót við 7. gr. Síðasta setningin verði þannig eftir breytingu:

„Upplýsingar skal taka saman sem ársskýrslu verkefnisins sem leggja skal fram til kynningar fyrir stjórn og fyrir fund forstjóra og forstöðumanna Byggðastofnunar.”

Tillaga að viðbót við 8. gr. Eftirfarandi setning bætist við:

„Með breytingar samkvæmt þessari grein skal farið að fyrirmælum 4. gr. reglna þessara.”

Rökstuðning fyrir tillögunum er að finna í ofangreindu minnisblaði.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

Tillaga að úthlutun aflamarks á Þingeyri

Á síðasta fundi stjórnar Byggðastofnunar voru kynntar þrjár umsóknir vegna 100 þorskígildistonna aflamarks sem auglýst var vegna Þingeyrar. Þær voru frá Íslensku sjávarfangi ehf., SE ehf., og frá átta útgerðum smábáta á Þingeyri. Allir umsækjendur eru aðilar að núverandi samkomulagi á Þingeyri utan útgerð eins smábáts. Að auki er Íslenskt sjávarfang tilgreint bæði í umsókn SE ehf. og útgerðir smábátasjómannanna sem samstarfsaðili. Með tölvupósti 14. nóvember sl. var umsækjendum gerð grein fyrir þeim umsóknum sem bárust og þeir hvattir til þess að ræða saman og freista þess að ná sameiginlegri lendingu. Með tölvupósti þann 3. desember er upplýst um að samkomulag sé á milli þeirra aðila sem að sóttu um aflamarkið um að skipting verði sem hér segir:

- Íslenskt sjávarfang, veitt af Bergi VE-44, 62,5 þorskígildistonn
- SE ehf., sem gerir út Egil ÍS-77, 20 þorskígildistonn
- Smábátar á Þingeyri 17,5 þorskígildistonn

Þau félög og einstaklingar sem eru á bak við smábáta á Þingeyri eru Kuldaklettur ehf. kt. 531014-0730, Svalvogar kt. 670996-2049, Páll Björnsson kt. xxxxxx-xxxx, Hólmgeir Pálsson kt. xxxxxx-xxxx, Hulda ÍS 40 ehf. kt. 590402-3620, Skjólvík ehf. kt. 440716-0730, Þórður Sigurðsson kt. xxxxxx-xxxx og Grillir ehf. kt. 461098-2829.

Lagt er til við stjórn að forstjóra verði falið að ganga til samninga við ofangreinda aðila á grundvelli umsókna þeirra og samkomulags aðila um skiptingu aflaheimilda.

Rökstuðning fyrir tillögunni er að finna í minnisblaði.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Tillaga að úthlutun aflamarks á Flateyri

Á síðasta fundi stjórnar Byggðastofnunar voru kynntar tvær umsóknir vegna 100 þorskígildatonna aflamarks sem auglýst var til tveggja ára og 99 þorskígildatonna aflamarks sem auglýst var til eins árs sem voru eftirstöðvar af nýliðnu kvótaári. Annars vegar sótti Fiskvinnsla Flateyrar ehf. um allt sem auglýst var og tilgreindi alla sömu samstarfsaðila og eru í núverandi samningi um aflamark vegna Flateyrar. Walvis ehf. sótti hins vegar um árlegt 100 þorskígildatonna aflamark. Afgreiðslu var frestað þar sem að aðilar höfðu rætt saman en ekki var komin niðurstaða.

Með tölvupósti þann 7. desember sl. er upplýst um að ekkert samkomulag sé við Walvis ehf. þannig að um tvær umsóknir er að ræða á Flateyri sem taka þarf afstöðu til.

Tillaga: Lagt er til við stjórn að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Fiskvinnslu Flateyrar og samstarfsaðila hennar á grundvelli umsóknar Fiskvinnslu Flateyrar og jafnframt er lagt til að umsókn Walvis ehf. verði hafnað.

Rökstuðning fyrir tillögunni er að finna í minnisblaði.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

10. Atvinnutekjur 2008 – 2015 eftir atvinnugreinum og svæðum

SÁ kynnti fyrirhugaða skýrslu um þróun atvinnutekna eftir atvinnugreinum og landssvæðum 2008-2015.

Stefnt er að útgáfu skýrslu um efnið fyrir jól.

11. Samantekt verkefna atvinnuþróunarfélaganna árið 2015

Kynnt var samantekt á verkefnum atvinnuþróunarfélaganna árið 2015. SBS skýrði frá að samanburður á milli félaga sé erfiður vegna mismunandi túlkunar félaganna á verkefnum og vinnu.

Umræðum frestað til næsta fundar.

12. Upplýsingar um orkukostnað heimila á ársgrundvelli m.v. 1. sept. 2016

SBS kynnti nýjar upplýsingar um samanburð á orkukostnaði heimila á nokkrum stöðum á landinu. Upplýsingarnar verða settar á heimasíðu stofnunarinnar í desember.

13. Önnur mál

Húsnæðismál

AP upplýsti að Framkvæmdasýsla ríkisins væri á lokametrum með útboðsgögn vegna hönnunar hússins. Stefnt er að auglýsa útboðið fyrir næstu helgi.

Seta í stjórn Byggðastofnunar

GS upplýsti að Fjármálaeftirlitið væri að skoða hvort starfsfólki váttryggingafélaga væri heimilt að sitja í stjórn fjármálafyrirtækja.

Fjarskiptasjóður

KB upplýsti um samræður sínar við starfsmann Fjarskiptasjóðs um málefni sjóðsins.

14. Næsti fundur

Næsti fundur verður 20. janúar nk. á Hvolsvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50

Magnús Helgason fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

